

Til umsagnar 57. mál frá nefndasviði Alþingis

Astma og ofnæmisfélag Íslands (AO) fékk til umsagnar 57. mál frá nefndasviði Alþingis.
AO leggst eindregið gegn því að lögunum um fjöleignarhús verð breytt og að þau verði þess í stað látin standa eins og þau eru rituð.

Með frumvarpinu um eru frumréttindi fólks tekin úr öndvegi og sett í annað sætið á eftir gæludýrum. Það felur í sér algjöran hugsanafeil og skerðir réttindi fólks með ofnæmi og fólks sem hræðist hunda og ketti.

Með þessari breytingu yrði heimildin til dýrahalds aðalreglan en nauðsyn annarra íbúa til hins gagnstæða yrði fráviksregla.

Með 2/3 reglunni eru þó að minnsta kosti settar einhverjar hömlur sem skynsamlegt og lausnarmiðað fólk / samfélag innan fjölbýlishúss getur unnið með. Ef frumvarp þetta er samþykkt eru allar slíkar hömlur horfnar. Talað er um ósætti nágranna í frumvarpinu, er það ósætti eitthvað skelfilegra heldur en ósætti sem getur skapast ef gæludýrahald verður óheft og fjölskyldur eru settar í erfiða stöðu vegna dýra ofnæmis fjölskyldumeðlims. Hvað leggja flutningsmenn tillögunar til um það hvernig fjölskyldan skuli bregðast við því. Flytja í einbýli, flytja í húsnæði með sérinngangi, sem ekki er nú auðvelt þessa dagana vegna skorts á húsnæði t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Hvað með börn sem fjölskyldunni tilheyra eiga þau að rífa sig upp og hoppa inn í næsta skóla og skólasamfélag. Hvað með tólmstundir þessara barna og aðgengi þeirra að þeim.

Ljóst er, að með þessu fyrirkomulagi yrði ofnæmissjúkum og þeim, sem óttast dýrin, gert það að þurfa að flytja úr íbúð sinni og eftir atvikum að selja þá eign sína, tækist þeim ekki að ná fram gagnstæðri afstöðu húsfundar með atkvæðum 2/3 hluta íbúanna.

Við íbúum, sem þyrftu að flytja úr húsinu, blasti þá að þeir gætu ekki vegna hinna nýju reglna tryggt hag sinn með því að flytja í aðra íbúð í fjöleignarhúsi, heldur þyrftu þeir að flytja í sérbýli.

Hér er verið að skerða rétt fólks með skerðingar en sumir af flutningsmönnum þessa frumvarps hafa gefið sig út fyrir að tala fyrir þessum hópi fólks, er það bara stundum !

Þeir sem búa í fjölbýli eiga að hafa frumrétt, enda er vitað að ofnæmi ýmiskonar hrjáir mjög margt fólk. Því þarf að tryggja fólki að ofnæmisvökum verði ekki hleypt nærri því á þess helgasta stað sem er heimilið. Það er algerlega óhugsandi að fólki geti fundist að einstaklingur sem býr í sinni íbúð í fjölbýli og er með ofnæmi fyrir hundum og/eða köttum þurfi mögulega að flytja í annað húsnæði vegna gæludýra sem annað fólk vill hafa hjá sér.

Í þessari breytingu er verið að vinna gegn jafnræði og það að eiga gæludýr (hund- eða kött) og halda það í fjölbýlishúsi er sett framur því að vera manneskja með ofnæmi fyrir þessu tiltekna gæludýri

AO vill einnig benda á að vinna hefði þurft greinargerðina með frumvarpinu betur og leggja meðal annars fram tölulegar upplýsingar en setja ekki fram ályktanir og vangaveltur.

Stjórn AO er ekki á móti gæludýrum almennt en við hugsum við rökrétt og trúum því að frumvarp þetta verði ekki samþykkt af Alþingi enda eru engin einustu haldbæru rök fyrir því að það skuli samþykkt og því þröngvað upp á fólk með ofnæmi eða hræðslu fyrir köttum og hundum.

Við viljum benda á að fram kom nýverið frá Þorkeli Heiðarssyni, náttúrufræðingi hjá Reykjavíkurborg, að um 10 þúsund hundar væru nú taldir vera á Reykjavíkursvæðinu, en af þeim væru aðeins um 2.500 skráðir. Þetta er sorgleg staðreynd og leiðir af því líkur að því hafi ekki verið sinnt að fylgst sé með heilsufari þeirra né sé ábygðartrygging keypt vegna hinna óskráðu hunda.

Skýrt dæmi um mikilvægi þess að lögin eru eins og þau eru í dag og með þeim varnagla að 2/3 þurfi að samþykki, er eins og hér segir og vísar umsagnaraðili til greinar í nýlegu tímariti

AO.

http://www.ao.is/images/utgafa/timarit/2021/Senda%20%C3%A1%20AO%204_08-0908-09.pdf

Virðingarfyllst og með þökkum fyrir að fá tækifæri til að mæla gegn þessu frumvarpi.

Fríða Rún Þórðardóttir, formaður AO

frida@landspitali.is, 8988798

Dagsetning: 11.04.2023

Umsögn til velferðarnefndar vegna frumvarps um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald), 80. mál.

Athygli okkar hefur verið vakin á frumvarpi til breytinga á lögum um fjöleignarhús er varða dýrahald sem velferðarnefnd er með til umfjöllunar. Skoðun okkar er sú að við teljum að þessi breyting sé jákvæð og yrði til mikilla bóta. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif þess á fólk að halda hunda og ketti, meðal annars að líkamleg og andleg heilsa fólks sé bættari og það náí sér fyrr eftir veikindi.

Eins og staðan er núna geta húsfélög ákveðið að banna hunda- og kattahald án ástæðu. Fólk sem óskar eftir að fá að halda hunda eða ketti geta átt á hættu að ná ekki samþykki 2/3 hluta íbúðareigenda án þess að fyrir því liggi ástæða.

Þar sem málið er til umfjöllunar hjá velferðarnefndinni viljum við undirrituð hvetja nefndina til að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp um þessar breytingar á fjöleignarhúsalögunum og að Alþingi samþykki lagabreytinguna á yfirstandandi þingi.

Til að sýna fram á stuðning við þetta frumvarp hófst undirskriftarsöfnun inn á island.is þann 3. apríl 2023, þegar þetta er ritað hafa yfir 10.000 manns skrifað undir. Undirskriftarsöfnuninni mun ljúka þann 12. Apríl og verða afhent formanni velferðarnefndar í kjölfarið.

Ástrós Una Jóhannesdóttir, 180785-3459

Harpa Rós Júlíusdóttir, 140580-5039

Bryndís Bjarnadóttir, 210683-5699

Guðrún Matthildur Arnardóttir, 220880-4949

Sonja Ólafsdóttir, 280388-3789

Eyjólfur Ævar Eyjólfsson, 060357-2699

Jóna Fanney Svavarsdóttir, 010974-4969

Nefndar- og greiningarsvið Alþingis
Umsögn vegna Frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald).

Hundar og kettir hafa fylgt mannum í aldanna rás, að eigin vilja beggja, enda einstaklega hagkvæmt samband fyrir báða aðila. Kettirnir komu til okkar með meindýravarnir og hundar byrjuðu fljótlega að hjálpa okkur við hin ótrúlegustu verk svo sem við veiðar, passa hjarðir, smala og fl.

Í dag eru flest þessara dýra haldin sem selskapsdýr. En það skal ekki líta á það sem minna mikilvægt hlutverk heldur en aðstoð við veiðar og vöktun á hjörðum var hér áður fyrr. Það eru breyttir tímar og þarfir okkar mannfólksins öðruvísi. Í dag getur gæludýr verið jafn mikilvægt eða jafnvel mikilvægari fyrir fólk heldur en mennskur fjölskyldumeðlimur. Það hefur sýnt sig að fólk tengist dýrunum sínum mjög sterkum tilfinningalegum tengslum og það að missa dýr getur reynst fólki þungbærara en að missa ættingja.

Rannsóknir sýna að fólk sem á hunda eða ketti er líklegra til að vera hamingjusamt og heilbriggt en fólk sem ekki heldur dýr. Til eru dæmi þess að fólk sem missir frá sér réttinn til þess að halda dýr á heimili sínu hefur liðið svo illa að það hefur svipt sig lífi. Það er því ansi varhugavert að hægt sé að neita fólki alfarið um að halda gæludýr á sínu eigin heimili án nokkurrar haldbærrar ástæðu, bara vegna þess að annað fólk er á móti gæludýrahaldi í fjölbýli.

Sóðaskapur, hávaði, eða óþægindi að öðru tagi er eitthvað sem þarf að takast á við, hvert tilfelli fyrir sig, burtséð frá því hvað veldur. Það er skýrt kveðið á um slík tilfelli í lögnum svo lífsgæði fólks ætti ekki að skerðast við gæludýr í annarri íbúð.

Astma og Ofnæmisfélag Íslands (AO) nefnir eftirfarandi í sinni umsögn:

“Með frumvarpinu um eru frumréttindi fólks tekin úr öndvegi og sett í annað sætið á eftir gæludýrum. Það felur í sér algjöran hugsanafeil og skerðir réttindi fólks með ofnæmi og fólks sem hræðist hunda og ketti.”

Þessi setning lýsir að mínu mati miklum misskilningi á frumvarpinu. Frumvarpið snýst ekki um að gefa gæludýrum réttindi fram yfir fólk, heldur að gefa fólki sem styðst við gæludýr til að viðhalda eigin lífsgæðum og geðheilsu jafnan rétt og öðru fólki til að búa í fjölbýli.

Réttur fólks sem reiðir sig á gæludýr sem selskap og andlegan stuðning hefur verið skertur á Íslandi allt frá því fólk fór að búa í auknum mæli í þéttbýli frekar en upp til sveita. Hefur það gengið svo langt að fjórfættir fjölskyldumeðlimir hafa verið teknir af fólki og jafnvel aflífaðir. Fólk hefur misst heimili sín bara fyrir þær sakir að vilja ekki láta frá sér sinn besta vin.

AO nefnir einnig að þessar breytingar muni vinna gegn jafnræði og að frumvarpið muni skerða rétt fólks með skerðingar. En þvert á móti kemur frumvarpið til með að gera fólk jafn rétthátt gagnvart þaki yfir höfuðið. Að gefa einum réttindi þarf ekki að skerða rétt annarra.

Félag íslenskra ofnæmis- og ónæmislækna (FÍOÓL) nefnir í sinni umsögn að ofnæmissjúkdómum hafi farið fjölgandi víða um heim á síðustu áratugum. Þar sé ofnæmi fyrir grasi algengast. Ekki er þó bannað að hafa gras við fjölbýlishús. Verðum við ekki að spyrja okkur hvort að það sé ekki bjarnargreiði til framtíðarkynslóða að banna

ofnæmisvaka í umhverfi barna sem gæti minnkað líkur á ofnæmi hjá þeim síðar í lífinu. Tekið af Vísindavefnum:

“Rannsóknir hafa sýnt að minnkun ofnæmisvaka í loftinu hefur takmörkuð *veijandi* áhrif gegn myndun ofnæmis. Það er engin ástæða til að forðast dýr á fyrstu árunum þar sem það gæti jafnvel minnkað líkur á að mynda ofnæmi (Simpson A, Custovic A. Pets and the development of allergic sensitization. *Curr Allergy Asthma Rep* 2005; 5: 212–20). Þessi verjandi áhrif eru talin stafa frá bakteríuflóru dýranna (von ME, Braun-Fahrlander C, Schierl R, et al. Exposure to endotoxin or other bacterial components might protect against the development of atopy. *Clin Exp Allergy* 2000; 30: 1230–4).”

Það er æði margt sem getur vakið ofnæmisviðbrögð hjá fólki, taka þarf tillit til hvers tilfellis fyrir sig. Dýraofnæmi er sjaldnast hættulegt þó það sé vissulega óþægilegt eða jafnvel óbærilegt. Önnur ofnæmi, svo sem hnetuofnæmi getur verið lífshættulegt en þó er ekki bannað að flytja hnetur um sameign fjölbýla. Barn sem borðar hnetur og tekur svo í handrið fjölbýlis getur þannig skilið eftir sig lífshættulegan ofnæmisvaka í sameign sem dæmi.

Ef einhver er með svo svæsið ofnæmi fyrir hundi eða ketti að það er óbærilegt að ganga um sama stigagang og dýrið þá væri mögulega hægt að ræða um að bera dýrið inn og út í fangi eða búri (sé það hægt) eða að dýrið fari í bað einu sinni í viku til að lágmarka ofnæmisvaka sem geta borist frá dýrinu. Ef engar lausnir virka, þá er komið tilefni til umræðu þess efnis að banna gæludýr í tilteknu fjölbýli á meðan þar býr einstaklingur með slíkt ofnæmi.

AO nefnir svo líka hræðslu við hunda og ketti. Sé fólk svo mjög hrætt við hunda eða ketti að það valdi því verulegum óþægindum að eiga möguleika á að mæta dýrunum í skamma stund í sameign hússins þá hlýtur það að vera þeim sjálfum til hagsbóta að vinna markvisst í að sigrast á slíkri hræðslu. En að sama skapi ætti að vera hægt að komast að samkomulagi á húsfundi varðandi “umferðarreglur” á sameign.

Við hljótum að geta tekið samtalið við nágretta okkar varðandi hin ýmsu mál sem fylgja því að búa í fjölbýli. En að íbúar geti tekið geðþóttaákvæðanir varðandi réttindi annarra íbúa til þess að halda gæludýr á sínu eigin heimili getur seint talist eðlilegt.

Hundahald í fjölbýlum þykir hið eðlilegasta mál í nágrennaríkjum okkar. Hví ekki hér?

Varðandi orðalag í frumvarpinu koma hér ábendingar:

1. gr.

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að húsfélag geti með samþykki 2/3 hluta eigenda lagt bann við dýrahaldi ef það veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði og truflunum og eigandi dýrsins neitar að gera bót þar á. Þessa málsgrein er hægt að túlka á þann hátt að ef gæludýraeigandi í fjöleignarhúsi á dýr sem veldur öðrum íbúum verulegu ónæði getur húsfélagið bannað allt dýrahald í fjöleignarhúsinu með auknum meirihluta. Þannig yrði öðrum gæludýraeigendum gert að fjarlægja sín dýr úr húsinu vegna þess að gæludýr annars einstaklings veldur íbúum ama. Réttara væri að orða greinina á þann hátt að húsfélagið geti samþykkt að banna dýrahald þess einstaklings sem heldur gæludýr sem veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði og truflunum og eigandi dýrsins neitar að gera bót þar á.

3. gr.

Í b. lið 3. gr. frumvarpsins segir að ef eigandi dýrs brýtur verulega eða ítrekað gegn skyldum sínum og áminningar hafa ekki áhrif, geti húsfélag ákveðið að banna dýrahald með samþykki 2/3 hluta eigenda og gert honum að fjarlægja dýrið úr húsinu. Hér á það

sama við og í 1. gr. frumvarpsins en túlka má orðalagið „getur húsfélag þá....bannað dýrahald með samþykki 2/3 hluta eigenda“ á þann hátt að dýrahald verði bannað með öllu í fjöleignarhúsinu. Nauðsynlegt þykir að það komi skýrt fram í málgreininni að húsfélag geti bannað dýrahald þeirra sem brjóta verulega eða ítrekað gegn skyldum sínum og áminningar hafa ekki áhrif, sbr. þær kröfur sem gerðar eru til gæludýraeigenda skv. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Að lokum fagna ég þessari breytingatillögu, vonast til að þetta stuðli að heilbrigðara samfélagi fólks í þéttbýli og þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að veita umsögn með þessari breytingatillögu.

Virðingarfyllt,
Dóra Ásgeirsdóttir
Hundapjálfari, hundaatferlisráðgjafi og varaformaður Líflukku Dýraathvarfs.

Nefndarsvið Alþingis
153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 80 — 80. mál.



Reykjavík 16. apríl 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald)

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands (DÍS) styður eindregið ofangreint frumvarp um að gæludýrahald verði leyft í fjöleignarhúsum.

Skv. núgildandi lögum er hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi háð samþykki 2/3 hluta eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang. Ekkert segir um önnur gæludýr og getur einfaldur meirihluti eigenda í fjöleignarhúsi bannað gæludýrahald í húsinu. DÍS telur eðlilegt að breytt lög taki af allan vafa varðandi öll gæludýr og leggur til eftirfarandi breytingu:

1. gr. 33. gr. e laganna, ásamt fyrirsögn, orðist svo:

~~Hunda- og kettir.~~ Gæludýr.

~~Hunda- og katta~~ Gæludýrahald í fjöleignarhúsi er ekki háð samþykki annarra eigenda. Húsfélag getur sett nánari reglur um ~~hunda- og katta~~ gæludýrahald á húsfundi með samþykki allra eigenda, enda séu þær eðlilegar, málefnalegar og á jafnræði reistar.

Húsfélag getur með samþykki 2/3 hluta eigenda lagt bann við dýrahaldi í einstökum tilvikum ef það veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði og truflunum og eigandi dýrsins neitar að gera bót þar á.

Gæludýr eru orðin eðlilegur hluti af samfélagi manna. Það er mikil ábyrgð falin í þeirri ákvörðun að taka að sér gæludýr og skyldi sú ákvörðun ávallt vera vel ígrunduð, enda skuldbinding til margra ára. Ef aðstæður breytast þannig að eigandi dýrs þarf að skipta um húsnæði er mjög mikilvægt að almenna reglan sé að gæludýr séu leyfð í fjöleignarhúsum, svo ekki komi til aðskilnaðar við dýrið sem getur reynst dýrinu erfitt og eigandanum þungbært.

Hægt er að líta til nágrannalanda okkar í þessu efni. Í Noregi er meginreglan sú að húsfélög fjöleignarhúsa geta bannað gæludýr. Lög gefa engu að síður íbúum kost á að hafa gæludýr, ef

eigandinn hefur góðar ástæður fyrir því að vilja eða þurfa að hafa gæluðýrið. Gæluðýrið má þó ekki valda öðrum íbúum óþægindum. Í Svíþjóð getur leigusali aðeins bannað gæluðýr í leiguhúsnæði í fjöleignarhúsi í sérstökum tilvikum, t.d. í fjöleignarhúsum sem er ætlað fyrir ofnæmissjúklinga. Er það regla til eftirbreytni.

Með vísan í ofangreint hvetur DÍS stjórnvöld eindregið að leyfa gæluðýrahald í fjöleignarhúsum.

Virðingarfyllst fyrir hönd DÍS,

Linda Karen Gunnarsdóttir.

Linda Karen Gunnarsdóttir
formaður DÍS

Berist til velferðarnefndar Alþingis.

12. apríl 2023

Umsögn FÁH við frumvarp 80/153
um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994

Við hjá Félagi ábyrgra hundaeigenda (FÁH) fögnum því að verið sé að færa löggjöf um hundahald í fjöleignarhúsum í betra horf hvað varðar bættu stöðu hundaeigenda.

Við höfum heyrt sögur af mörgum hundaeigendum sem hafa lent í vandræðum með núverandi reglur og hafa jafnvel neyðst til að flytja, ekki þó vegna þess að hundarnir þeirra séu til vandræða heldur vegna óbilgjarnra nágranna.

Það hefur líka komið í ljós að þrátt fyrir að lögin virðist vera nokkuð skýr hvað varðar $\frac{2}{3}$ samþykki í stigagangi, þá er alls ekkert auðvelt né einfalt fyrir hundaeigendur að fá samþykkinu þinglýst þrátt fyrir að það sé fjallað sérstaklega um það í núverandi lögum *“til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú”*.

Ábending við 1. gr. frumvarpsins.

Í ljósi þess að það eru sannarlega til dæmi um fólk með bráðaofnæmi fyrir hundum teljum við eðlilegt að gefa öðrum íbúum fyrirvara áður en hundur kemur inn í hús þar sem er sameiginlegur inngangur eða stigagangur. Við teljum því eðlilegt að við 33. gr. e bætist eftirfarandi málsgrein *“Áður en dýr kemur í hús skal eigandi tilkynna húsfélaginu skriflega um dýrahaldið í þeim tilfellum þar sem um að ræða sameiginlegan inngang eða stigagang”*.

Okkur þykir mikilvægt að fram fari heildarendurskoðun á lögum um hundahald og að öll lög tengdum hundum verði færð undir einn hatt og einn eftirlitsaðila.

Að okkar mati er algjör tímaskekkja að eftirlit með hundahaldi skuli falla undir marga aðila. Eftirlit með fjöleignarhúsalögunum fellur undir Kærunefnd húsamála, eftirlit með allri dýravelferð fellur undir Matvælastofnun og eftirlit með taumskyldu og óþrifnaði fellur undir heilbrigðiseftirlit. Eftir að lög um dýravelferð tóku gildi 2013 hefur hlutverk heilbrigðiseftirlits í hundaeftirliti snarminnkað og þrátt fyrir að eftirlit með lögum um fjöleignarhús falli ekki undir valdsvið heilbrigðiseftirlits þá hefur það engu að síður oft á tíðum tekið að sér þetta eftirlitshlutverk.

Á sama tíma og hundaeigendum hefur fjölgað og hundamenning hefur batnað þá er ennþá við lýði kerfi sem var komið á 1984 og hefur aldrei verið endurskoðað nema að mjög litlu leyti síðan. Einn angi af þessu kerfi er meint eftirlit með hundahaldi sem 99% af hundaeigendum verða aldrei varir við en greiddu engu að síður yfir milljarð í eftirlitsgjöld á árunum 2007-2020, milljarð sem hefur ekki skilið neitt eftir sig til hagsbóta fyrir hundaeigendur.

Það verður einnig að teljast mjög óeðlilegt og í andstöðu við góða stjórnsýslu að í landinu séu 46 ólíkar hundasamþykktir í gildi. Sumar hverjar mjög gamlar og margar stangast á við núgildandi dýravelferðarlög og stjórnsýslulög.

Að eiga hund á að vera gaman og margar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif hundahalds á fólk á öllum aldri og öllum stigum þjóðfélagsins. Vert er að vekja athygli á að nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að hunda- og kattahald dregur úr líkum á fæðuofnæmi hjá ungum börnum ¹⁾.

Núverandi lög um fjöleignarhús hafa sett upp þröskuld fyrir efnaminna fólk til að eignast og halda hund því eina tryggingin sem fólk hefur gagnvart því að halda hund í friði er búseta í sérbýli eins og löggin eru í dag.

Virðingarfyllst,
Félag ábyrgra hundaeigenda

- 1) Associations between fetal or infancy pet exposure and food allergies: The Japan Environment and Children's Study.
<https://journals.plos.org/plosone/article?id=10.1371/journal.pone.0282725>


Nefndar- og greiningarsvið Alþingis

Umsögn vegna Frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald).

Umsögn Félags Íslenskra Ofnæmis- og Ónæmislækna (FÍOÓL).

Ofnæmissjúkdómar hafa farið vaxandi á undanförunum áratugum víða um heim. Á Íslandi eru um 6 % fullorðinna og um 9% skólabarna með astma. Um fjórðungur fullorðinna og barna eru með ofnæmi, þeas, næmingu gegn loftbornum ofnæmisvaka. Algengast er ofnæmi fyrir grasi en einnig ofnæmi fyrir köttum og hundum. Margir þeirra eru einnig með astma og fá asthmaeinkenni ef þeir eru útsettir fyrir því sem þeir hafa ofnæmi gegn. Þau einkenni (andþyngsli, hósti, surg fyrir brjósti og mæði) geta verið alvarleg ef ofnæmisvakinn er í einhverju magni eða þrálát og jafnvel dagleg einkenni þó magnið af ofnæmisvaknum sé minna er útsetningin er ítrekuð/viðvarandi. Einkenni frá augum eða nefi (ofnæmiskvef) eru einnig algeng og geta skert lífsgæði verulega. Dýr gefa frá sér ofnæmisvaka sem oftast eru smágerð prótein sem sitja á húðflögum, í hári, í munnvatni, þvagi og öðrum vessum frá dýrunum og eru oftast ekki sýnileg berum augum. Ofnæmisvakarnir safnast fyrir í húsgögnum, fötum og á gólfi og geta þannig borist á milli staða t.d. frá einni íbúð yfir á stigagang og þaðan yfir í aðra íbúð. Enn auknar líkur eru á þessu ef dýrin sjálf fara um stigaganginn. Einstaklingar með ofnæmi eru mismunandi næmir fyrir ofnæmisvökum og því geta sumir fengið meiri einkenni en aðrir við lítið magn af ofnæmisvaka. Fólk með ofnæmi gegn dýrum hefur mikinn heilsufarslegan ávinning af því að verða ekki útsett fyrir ofnæmisvökum frá dýrum í híbýlum sínum eða við að ganga um híbýli sín.

Félag íslenskra ofnæmis- og ónæmislækna leggst algjörlega gegn þessu frumvarpi sem skerðir verulega sjálfsögd réttindi fólks með astma og ofnæmi fyrir dýrum um að vera að óþörfu útsett á eigin heimili fyrir þeim ofnæmisvaka sem veldur þeim heilsutjóni.



Sólrun Melkorka Mæggadóttir

Sólrun Melkorka Mæggadóttir, formaður FÍOÓL

Reykjavík, 5.4.2023

153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 80 — 80. mál.

Frumvarp til laga, um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald).

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands fagnar því að fyrirliggi frumvarp til laga löggjafarþings, til breytinga á lögum um fjöleignarhús.

Í greinargerð flutningsmanna er rakin hæg en jákvæð þróun í hundahaldi á Íslandi en árið 2006 var hundahald fyrst leyft í Reykjavík án skilyrða. Það er eðlileg þróun að breytingar séu lagðar til á lögum um fjöleignarhús er á við um hunda- og kattahald. Við tökum undir það að í lögunum er ekki einungis um að ræða hömlur hvað varðar eignarrétt gæludýraeigenda heldur einnig mismunun og aðför að friðhelgi einkalífs þeirra og sjálfstæði. Ennfremur segir í greinargerðinni sem fær undirtektir HRFÍ; „Reglan um aukinn meiri hluta er til þess fallin að auka ósætti meðal íbúa og gerir eigendum hunda og katta erfitt fyrir í samskiptum við nágranna sína. Reglan verndar auk þess ekki þá hagsmuni sem henni er ætlað að vernda nema með handahófskenndum hætti og færa má rök fyrir því að meiri hagsmunum sé fórnað fyrir minni með henni. Reglan tekur aðeins til hunda og katta en ekki annarra gæludýra, sem þó geta valdið ofnæmisviðbrögðum og öðrum truflunum, og því grefur reglan undan jafnræði.“

Látum það ekki bíða í 78 ár að leyfa hunda- og kattahald í fjöleignarhúsum líkt og tók að leyfa hundahald í Reykjavík.

Fyrir hönd Hundaræktarfélags Íslands
Daníel Örn Hinriksson
Formaður